

## AUGLÝSING

### um breytingu á aðalskipulagi Rangárþings eystra vegna Hellishóla.

Skipulagsstofnun staðfesti 12. júní 2019 breytingu á aðalskipulagi Rangárþings eystra 2012-2024 sem samþykkt var í sveitarstjórn 9. maí 2019.

Í breytingunni felst að 7,3 ha svæði fyrir frístundabyggð (F-352) að Hellishólum í Fljótshlíð er breytt í íbúðarbyggð (ÍB-352) fyrir 13 íbúðarhúsalóðir.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

*Skipulagsstofnun, 12. júní 2019.*

**Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.**

*Ottó Björgvin Óskarsson.*

—————  
B-deild – Útgáfud.: 27. júní 2019